



1. útgáfa 14.03.2011

Öryggisblað (MSDs)

Samkvæmt reglugerð UST nr. 750/2008 (REACH)

1. Vöruheiti vöru - notkun - innflytjandi/framleiðandi

Vöruheiti:	Förch Teflon smurefni hitapolið S404 500 ml
Vörunúmer:	349 6500 5580
Notkunarsvið:	Smurefni
Framleiðandi:	Theo Förch GmbH & Co. KG Theo-Förch Str. 11-15, D-74196 Neuenstadt
Söluaðili:	N1 Dalvegur 10-14 201 Kópavogur 440 1000
Sími:	
Netfang:	n1@n1.is
Veffang:	www.n1.is

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222.
Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

Áhrif á fólk: Efnið telst varasamt fólki, skv. reglugerð EB 1999/45 með síðari breytingum.
Mjög eldfímt.
Sprengihætta við hitun.
Hætta á myndun sprengifimrar blöndu með lofti við notkun.
Innöndun úða og gufu getur valdið höfuðverk, sljóleika, svima og ógleði.
Langvarandi eða endurtekin notkun getur valdið þurri eða sprunginni húð.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Áhrif á umhverfi: H51/53 Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
Sjá einnig 12. lið.

3. Samsetning - upplýsingar um innihaldsefni

Innihaldsefni:	EB-nr.	CAS-nr.	Styrkur %	H.-setn. nr.	Hættuflokkun
Pentan	203-692-4		25-40	H12,H51,H53,H65, H66,H67	F+, Xn,N

Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.
Sjá flokkun efnisins í 2. og 15. lið, og H- og V- setningar í 15. lið.

4. Skyndihjálp

Almennt:	Öryggisblað skal ávallt vera tiltækt á vinnustað. Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf. Ef grunur um heilsutjón vaknar skal strax leita til læknis. Sýnið öryggisblaðið. Sé sá slasaði meðvitundarlaus, leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax læknis. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk. Athugið að hættulegt getur verið að nota blástursaðferð ef efnið er eitrað, hættulegt við inntöku . eða ætandi
Innöndun:	Tryggið ferskt loft. Veitið öndunaraðstoð, andi sá slasaði óreglulega eða alls ekki. Veitið öndunaraðstoð með viðeigandi tækjum, eigi hinn slasaði í öndunarerfiðleikum. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Leitið strax læknis. Gufa getur valdið sljóleika og svima.
Inntaka:	Gefið hinum slasaða nægt vatn að drekka. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk. Leitið strax læknis. Framkallið ekki uppköst. Getur valdið höfuðverk og ógleði.
Snerting við húð:	Þvoið strax með sápu og miklu vatni í a.m.k. 15 mín. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis við ertingu.
Snerting við augu:	Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15. mín. og haldið augum vel opnum. Leitið augnlæknis. Getur valdið ertingu. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolon.

5. Bruni - slökkviaðgerðir

Almenn viðbrögð:	Fjarlægið umbúðir af eldstað ef mögulegt er, kælið annars með vatnsúða Gætið þess að efni frá slökkvistarfi og mengað vatn berist ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.
Slökkvibúnaður:	Vatnsúði, slökkviduft, froða, eða koldíoxíð.
Sérstakar hættur:	Mjög eldfimt. Myndar sprengifimar blöndur með lofti. Sprengihætta við upphitun.
Myndefni við bruna:	Kolefnisoxíð, flúrsýra,.
Sérstakur hlífðarbúnaður:	Notkun fer eftir umfangi eldsvoðans. Öndunarbúnaður getur reynst nauðsynlegur. Fargið slökkviefnum í samræmi við gildandi lög og reglur.

6. Efnaleki

Öryggisráðstafanir:	Haldið fólki fjarri. Fjarlægið hugsanlega íkveikjuvalda. Reykingar bannaðar. Hafið sprengihættu í huga. Tryggið góða loftræstingu. Notið ísogefni. Notið viðeigandi persónuhlífar, sbr. 8.lið.
Ráðstafanir v. umhverfis:	Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.
Hreinsunaraðferðir:	Fjarlægið alla íkveikjuvalda. Forðist neista, opinn eld, hita og reykingar. Loftræstið vel. Notið óbrennanleg ísogsefni t.d. sand, mold eða kísilgúr til að hreinsa efnið upp. Setjið í þar til gert ílát og fargið sbr. 13.lið.

7. Meðhöndlun og geymsla

Meðhöndlun:	Fylgið almennum ráðstöfunum og takmörkunum sem tíðkast við meðhöndlun efna. Tryggið góða loftræstingu. Notið viðeigandi persónuhlífar. Gufa er þyngri en andrúmsloft og kann að berast með jörð eða gólfi. Getur myndað sprengifima blöndu með lofti. Hindrið að eldfimar eða sprengifimar blöndur með lofti geti myndast og sjáið til þess að styrkur gufu sé innan leyfðra marka. Fjarlægið óbyrgð ljós og aðra hugsanlega íkveikjuvalda. Rafmagnstæki skulu varin skv. reglugerðum. Forðist innöndun gufu, úða eða ryks. Forðist snertingu við húð og augu. Neytið ekki fæðu, né reykið á stöðum þar sem efnið er notað eða geymt. Fylgið notkunarleiðbeiningum. Notið viðeigandi persónuhlífar skv. grein 8.
Geymsla:	Mjög eldfimt. Geymið við herbergishita á þurrum, vel loftræstum stað. Haldið fjarri hita- og neistagjöfum, og opnum eldi. Haldið fjarri sólarljósi og hitastigi yfir 50°C. Gatið hvorki né brennið tóma úðabrusa. Geymist þar sem börn ná ekki til. Æskilegt geymsluhitastig 5-25° C.

8. Takmörkun váhrifa - persónuhlífar

Viðmiðunarmörk váhrifa:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Athugasemd
Pentan	600	1800			
Própan	1000				
Bútan	600	1450	750	1810	
Ísóbútan	1000				

Persónuhlífar:	Tryggið góða loftræstingu (punktsog), Dugi loftræsting ekki til að halda styrk undir mengunarmörkum, notið þá sjálfstæðan öndunarbúnað. Þvoið ávallt hendur eftir notkun efnisins. Neytið einskis meðan á notkun þess stendur.
Öndunarfæri:	Öndunargrímur/sjálfstæður öndunarbúnaður. Síur: A (EN 14387).
Hendur:	Notið hanska við endurtekna notkun. Efni: nítrílgúmmí.(EN 374) 0,4mm, PVC 0,6mm, Viton 0,7mm. Skiptið oft um hanska. Notið húðverndandi krem.
Augu:	Gleraugu eða þétt andlitshlíf (EN 166) Hafið augnskol á vísun stað.
Húð:	Leysiefnaþolinn hlífðarklæðnaður (EN 13034), Stígvél (EN ISO 20347) PVC.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Eðlisástand:	Aerosol úði
Lykt:	Einkennandi
Litur:	Ljósult
Sýrustig (pH):	-
Suðumark:	-
Blossamark:	-60°C
Sjálftendrun::	510°C
Lægri kveikimörk (í lofti):	1,4%
Hærri kveikimörk (í lofti):	32%
Gufuþrýstingur:	2500 hPa
Eðlismassi:	0,65 g/ml 20°C
Vatnsleysni:	Óleysanlegt
Deilistuðull n-oktanól/vatn:	

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

Stöðugleiki:	Efnið er stöðugt við venjulega notkun.
Aðstæður sem ber að varast:	Forðist háan hita, opinn eld og aðra íkveikju- og neistavalda. Úðabrúsi, forðist beint sólarljós og hitastig yfir 50°C. Gatið hvorki sé brennið umbúðir eftir notkun.
Efni sem ber að varast:	Sterkir oxarar.
Hættuleg niðurbrotsefni:	Kolefnisoxíð, flúrsýra,.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

Efnið telst varasamt fólk, skv. reglugerð EB 1999/45 með síðari breytingum.

Inntaka:	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Innöndun:	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Snerting við húð:	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Snerting við augu:	Upplýsingar liggja ekki fyrir.




12. Vistfræðilegar upplýsingar

Visteiturhrif:	Efnið má ekki berast í niðurföll, jarðvatn eða jarðveg.
Hreyfanleiki/dreifing:	Efnið leysist ekki í vatni.
Þrávirkni og niðurbrot:	-
Eituráhrif á vatnalífverur:	Eitrað vatnalífverur, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
Annað:	Efnið er fremur rokjarnt. Gufa er þyngri en loft.

13. Förgun

Vara:	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Flokkast sem hættulegur úrgangur.
Umbúðir:	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og efnið sjálft. Reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, flokkast efnið og leifar þess sem : 16 05 04 (gaskennd efni í þrýstihylkjum (þar með talin halón) sem innihalda hættuleg efni) 15 01 04 málmumbúðir 15 01 10 umbúðir sem innihalda leifar hættulegra efna eða eru mengaðar af þeim

14. Flutningar

	UN (Sp)- nr.	Flokkur	Efniseiti	Pökkunarflokkur	Varúðarmerking	Sjávar- mengandi?
Sjóflutningar: IMDG	1950	2.1	AEROSOLS(PENTANES)	-		Nei
Flugfrakt: ICAO/IATA	1950	2.1	AEROSOLS FLAMMABLE	-		
Vegaflutn.: ADR-reglur	1950	2, 5F	AEROSOLS	-		
Aðaláhættuþáttur:	Eldfimum vökvi.					

15. Lög, reglugerðir og merkingar

Varnaðarmerkingar eru samkvæmt reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og upplýsingum frá framleiðanda. Innihaldsefni uppfylla kröfur reglugerðar nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir. (REACH).

Varnaðarmerki: F+, N



Inniheldur (m.a.): Pentan

Hættusetningar: H51/53 Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.
H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Varnaðarsetningar: V2 Geymist þar sem börn ná ekki til
V23 Varist innöndun gufu og úða.
V29/35 Má ekki losa í niðurfall; Vörunni og umbúðum hennar skal fargað á tryggilegan hátt
V46 Leiðið umsvifalaust lækni eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar
V51 Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

Aðvörun: **Úðabrusi. Innihald undir þrýstingi. Haldið frá sólarljósi og hitastigi yfir 50°C. Gerið ekki göt á brúsann né brennið, jafnvel þótt hann teljist tæmdur. Úðið ekki á opinn eld eða heita fleti. Haldið fjarri íkveikjuvöldum, Reykið ekki. Sprengifimar blöndur geta myndast án fullnægjandi loftræstingar.**

16. Aðrar upplýsingar

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði:

H12 Afar eldfimt
H51 Eitrað vatnalífverum.
H53 Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
H65 Hættulegt: getur valdið lugnaskaða við inntöku
H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.
H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Útgáfa: 1.

Dags: 14.03.2011

Öryggisblað þetta er unnið af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **THEO FÖRCH GMBH: SAFETY DATA SHEET DUTY TEFLON GREASE S404 500 ml**

Útgáfa: 19.05.2009

Kemur í stað: 07.05.2009